

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um kaup á vopnum og varnarbúnaði í aðdraganda leiðtogafundar Evrópuráðsins.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

- Hver var fjöldi skotvopna í eigu lögreglunnar áður en undirbúningur hófst vegna öryggisgæslu á leiðtogafundi Evrópuráðsins? Svar óskast sundurliðað eftir gerð og tegund vopna, framleiðanda og magni.
- Hvaða skotvopn voru keypt af hálfu íslenskra stjórnvalda í aðdraganda leiðtogafundar Evrópuráðsins dagana 16. og 17. maí 2023? Svar óskast sundurliðað eftir gerð og tegund vopna, framleiðanda, magni og verði.
- Hvaða önnur vopn og varnarbúnaður, þ.m.t. handvopn (t.d. kylfur), rafvarnarvopn, skotfæri, gúmmíkúlur, brynjur og búnaður til að aftra óeirðum, voru keypt af hálfu íslenskra stjórnvalda í aðdraganda leiðtogafundarins? Svar óskast sundurliðað eftir gerð og tegund búnaðar, framleiðanda, magni og verði.
- Hvaða aðili tók ákvörðun um fjölda og tegund skotvopna sem keypt voru og á hvaða forsendum?
- Hvaða lögregluembætti fer með yfirráð þessara vopna og búnaðar?
- Hvaðan voru vopnin keypt? Óskað er eftir upplýsingum um söluaðila og upprunaland.
- Hvenær fór kostnaðarmat fram vegna öryggisgæslu á leiðtogafundinum, hver sá um matið og á hvaða grundvelli? Hverjar voru forsendur matsins?
- Reyndist kostnaður vegna öryggisgæslu á leiðtogafundinum í samræmi við kostnaðarmatið?

Skriflegt svar óskast.